

AUGLÝSING

um viðbótarbókun við Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, um rétt til þátttöku í málefnum sveitarstjórna.

Hinn 16. nóvember 2009 var í Utrecht gerð viðbótarbókun um rétt til þátttöku í málefnum sveitarstjórna, við Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga frá 15. október 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1991 þar sem sáttmálinn er birtur.

Bókunin öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. september 2017 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 3. mars 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN
VIÐ EVRÓPUSÁTTMÁLA UM SJÁLFSSTJÓRN SVEITARFÉLAGA,
UM RÉTT TIL ÞÁTTTÖKU Í MÁLEFNUM SVEITARSTJÓRNA

Formáli.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem hafa undirritað þessa viðbótarbókun við Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga (hér á eftir nefndur „sáttmálinn“, ETS nr. 122),

sem telja að markmið Evrópuráðsins sé að ná meiri einingu meðal aðildarríkja þess í því skyni að vernda og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og grundvallarreglum sem eru sameiginleg arfleifð þeirra;

sem telja að réttur til þátttöku í stjórnun opinberra mála sé ein af þeim lýðræðislegu meginreglum sem sameiginleg er öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins;

sem telja að þróun mála í aðildarríkjunum hafi sýnt fram á mikilvægi meginreglunnar um sjálfstjórn sveitarfélaga;

sem telja að rétt sé að bæta ákvæðum við sáttmálann þar sem réttur til þátttöku í málefnum sveitarstjórna er tryggður;

sem hafa í huga sáttmála Evrópuráðsins um aðgang að opinberum gögnum, sem ráðherranefndin samþykkti 27. nóvember 2008;

hafa jafnframt í huga yfirlýsinguna og aðgerðaáætlunina sem samþykkt var á þriðja leiðtogafundi Evrópuráðsins (Varsjá, 16. og 17. maí 2005),

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Réttur til þátttöku í málefnum sveitarstjórna.

1. Aðildarríkin skulu tryggja öllum innan lögsögu sinnar rétt til þátttöku í málefnum sveitarstjórna.
2. Réttur til þátttöku í málefnum sveitarstjórna vísar til réttar til að leitast við að ákvarða eða hafa áhrif á það hvernig sveitarstjórn beitir valdi sínu og ábyrgð.
3. Lög skulu greiða fyrir því að hægt sé að nýta þennan rétt. Lög geta heimilað sérstakar ráðstafanir fyrir tiltekna aðstæður eða hópa fólks, án þess þó að neinir einstaklingar eða hópar séu beittir mismunun. Einkum má gera lagalegar ráðstafanir sem miðast sérstaklega við kjósendur, í samræmi við stjórnarskrá og/eða alþjóðlegar skuldbindingar aðila.
- 4.1. Lög allra aðila skulu viðurkenna rétt þegna ríkisins til þátttöku, sem kjósendur eða frambjóðendur, í kosningum til bæjarráðs eða annarrar löggjafarsamkomu sveitarfélagsins þar sem þeir búa.
- 4.2. Lögin skulu jafnframt viðurkenna rétt annarra manna til að taka þátt með slíkum hætti, ákveði aðili það í samræmi við stjórnskipan sína eða sé slíkt í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar hans.
- 5.1. Lög skulu mæla fyrir um allar formkröfur, skilyrði og takmarkanir varðandi nýtingu réttar til þátttöku í málefnum sveitarstjórnar og slíkt skal vera í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar aðila.
- 5.2. Lög skulu fyrirskipa þær formkröfur, skilyrði og takmarkanir sem nauðsynlegar þykja til þess að tryggja að nýting réttar til þátttöku stefni ekki heilindum og gagnsæi í hættu í framkvæmd sveitarstjórna á valdi sínu og skyldum.
- 5.3. Allar aðrar formkröfur, skilyrði eða takmarkanir skulu vera nauðsynlegar til þess að stunda lýðræðislega stjórnarhætti, vernda öryggi almennings í lýðræðislegu þjóðfélagi eða til þess að aðili standi við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar.

2. gr.

Framkvæmdarráðstafanir vegna réttar til þátttöku.

1. Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að framfylgja réttinum til þátttöku í málefnum sveitarstjórna.
2. Á meðal þeirra ráðstafana sem skal gera vegna nýtingar á rétti til þátttöku er:
 - i. að gera sveitarstjórnnum kleift að virkja, kynna og greiða fyrir réttinum til þátttöku sem tiltekinn er í bókun þessari;
 - ii. að festa í sessi:
 - a. ferli til að virkja almenning, til dæmis með samráðsferli, íbúakosningum og undirskriftar-söfnunum og, þar sem íbúar eru margir og/eða um stórt landsvæði er að ræða, ráðstafanir til að virkja íbúa í nærumhverfi þeirra;
 - b. ferli til að veita aðgang, í samræmi við stjórnskipan og þjóðréttarlegar skuldbindingar aðila, að opinberum gögnum sveitarstjórna;
 - c. ráðstafanir til að koma til móts við þarfir hópa sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að taka þátt; og
 - d. fyrirkomulag og ferli til að meðhöndla og bregðast við kvörtunum og tillögum um stjórnarhætti sveitarstjórna og almannaþjónustu á vegum þeirra;
 - iii. að hvetja til notkunar á upplýsinga- og samskiptatækni til að kynna og greiða fyrir réttinum til þátttöku sem tiltekinn er í bókun þessari.
3. Ferli, ráðstafanir og fyrirkomulag kann að vera mismunandi eftir eðli sveitarstjórna hvað varðar stærð og valdsvið.
4. Í skipulags- og ákvarðanaferlinu um þær ráðstafanir sem gera á til að framfylgja réttinum til þátttöku í málefnum sveitarstjórna skulu sveitarstjórnir hafðar í samráði eftir því sem kostur er, tímanlega og með viðeigandi hætti.

3. gr.

Yfirvöld sem bókunin tekur til.

Bókun þessi tekur til allra flokka sveitarstjórna sem til staðar eru á landsvæði aðila. Hver aðili getur þó, þegar hann afhendir fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal sitt, tiltekið þá flokka sveitar- eða héraðsstjórna sem hann ætlar að láta ákvæði bókunarinnar taka til, eða þá flokka sem hann hyggst undanskilja ákvæðum bókunarinnar. Hann getur einnig látið ákvæði bókunarinnar taka til fleiri flokka sveitar- eða héraðsstjórna með síðari tilkynningu til aðalframkvæmdarstjóra Evrópuráðsins.

4. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals síns að tilgreina það eða þau landsvæði sem þessi bókun nær til.
2. Hver aðili getur hvenær sem er, með yfirlýsingu sem rituð er til aðalframkvæmdarstjóra Evrópuráðsins, útvíkkað gildissvið þessarar bókunar til sérhvers þess landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Bókunin öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdarstjóra Evrópuráðsins berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdarstjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdarstjóra berst tilkynningin.

5. gr.

Undirritun og gildistaka.

1. Þau aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa sáttmálann geta undirritað þessa bókun. Hún er háð fullgildingunni, staðfestingu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðsins getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt þessa bókun nema það hafi, áður eða samhliða, fullgilt, staðfest eða samþykkt

sáttmálann. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdarstjóra ráðsins til vörslu.

2. Bókun þessi gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að átta aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af bókuninni samkvæmt 1. tölulið.
3. Gagnvart hverju aðildarríki sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af henni tekur bókunin gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjalið er afhent.

6. gr.

Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt þessari bókun upp með tilkynningu sem send er til aðalframkvæmdarstjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdarstjóra berst tilkynningin.

7. gr.

Tilkynningar.

Aðalframkvæmdarstjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um

- a. sérhverja undirritun;
- b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals;
- c. sérhvern gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt 5. gr.;
- d. sérhverja tilkynningu sem borist hefur um beitingu ákvæða 3. gr.;
- e. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem bókun þessa varðar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, skrifað undir bókun þessa.

Gjört í Utrecht 16. nóvember 2009 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdarstjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

ADDITIONAL PROTOCOL
TO THE EUROPEAN CHARTER OF LOCAL SELF-GOVERNMENT ON THE
RIGHT TO PARTICIPATE IN THE AFFAIRS OF A LOCAL AUTHORITY

Preamble

The member States of the Council of Europe, signatories to this Additional Protocol to the European Charter of Local Self-Government (hereinafter referred to as “the Charter”, ETS No. 122),

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage;

Considering that the right to participate in the conduct of public affairs is one of the democratic principles that are shared by all member States of the Council of Europe;

Considering that the evolution in member States has shown the pre-eminent importance of this principle for local self-government;

Considering that it would be appropriate to supplement the Charter with provisions guaranteeing the right to participate in the affairs of a local authority;

Bearing in mind the Council of Europe Convention on Access to Official Documents, adopted by the Committee of Ministers on 27 November 2008;

Bearing in mind also the Declaration and the Action Plan adopted at the 3rd Summit of Heads of State and Government of the Council of Europe (Warsaw, 16 to 17 May 2005),

Have agreed as follows:

Article 1

Right to participate in the affairs of a local authority

- 1 The States Parties shall secure to everyone within their jurisdiction the right to participate in the affairs of a local authority.
- 2 The right to participate in the affairs of a local authority denotes the right to seek to determine or to influence the exercise of a local authority's powers and responsibilities.
- 3 The law shall provide means of facilitating the exercise of this right. Without unfairly discriminating against any person or group, the law may provide particular measures for different circumstances or categories of persons. In accordance with the constitutional and/or international obligations of the party, the law may, in particular, provide for measures specifically limited to voters.
- 4.1 Each Party shall recognise by law the right of nationals of the party to participate, as voters or candidates, in the election of members of the council or assembly of the local authority in which they reside.
- 4.2 The law shall also recognise the right of other persons to so participate where the party, in accordance with its own constitutional order, so decides or where this accords with the party's international legal obligations.
- 5.1 Any formalities, conditions or restrictions to the exercise of the right to participate in the affairs of a local authority shall be prescribed by law and be compatible with the party's international legal obligations.
- 5.2 The law shall impose such formalities, conditions and restrictions as are necessary to ensure that the ethical integrity and transparency of the exercise of local authorities' powers and responsibilities are not jeopardised by the exercise of the right to participate.
- 5.3 Any other formalities, conditions or restrictions must be necessary for the operation of an effective political democracy, for the maintenance of public safety in a democratic society or for the party to comply with the requirements of its international legal obligations.

Article 2

Implementing measures for the right to participate

- 1 The Parties shall take all such measures as are necessary to give effect to the right to participate in the affairs of a local authority.
- 2 These measures for the exercise of the right to participate shall include:
 - i empowering local authorities to enable, promote and facilitate the exercise of the right to participate set out in this Protocol;
 - ii securing the establishment of:
 - a procedures for involving people which may include consultative processes, local referendums and petitions and, where the local authority has many inhabitants and/or covers a large geographical area, measures to involve people at a level close to them;
 - b procedures for access, in accordance with the Party's constitutional order and international legal obligations, to official documents held by local authorities;
 - c measures for meeting the needs of categories of persons who face particular obstacles in participating; and
 - d mechanisms and procedures for dealing with and responding to complaints and suggestions regarding the functioning of local authorities and local public services;
 - iii encouraging the use of information and communication technologies for the promotion and exercise of the right to participate set out in this Protocol.
- 3 The procedures, measures and mechanisms may be different for different categories of local authorities, having regard to their size and competences.
- 4 In the planning and decision-making processes concerning measures to be undertaken to give effect to the right to participate in the affairs of a local authority, local authorities shall be consulted insofar as possible, in due time and in an appropriate way.

Article 3

Authorities to which the Protocol applies

This Protocol applies to all the categories of local authorities existing within the territory of the Party. However, each State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the categories of local or regional authorities to which it intends to confine the scope of the Protocol or which it intends to exclude from its scope. It may also include further categories of local or regional authorities within the scope of the Protocol by subsequent notification to the Secretary General of the Council of Europe.

Article 4

Territorial application

- 1 Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.
- 2 Any Party may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.
- 3 Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 5

Signature and entry into force

- 1 This Protocol shall be open for signature by the member States of the Council of Europe signatories to the Charter. It is subject to ratification, acceptance or approval. A member State of

the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol unless it has, simultaneously or previously, ratified, accepted or approved the Charter. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

- 2 This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which eight member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of paragraph 1.
- 3 In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 6

Denunciation

- 1 Any Party may at any time denounce this Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
- 2 Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 7

Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe of:

- a any signature;
- b the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
- c any date of entry into force of this Protocol in accordance with Article 5;
- d any notification received in application of the provisions of Article 3;
- e any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Utrecht, on the 16th day of November 2009, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.